

AUGLÝSING

um deiliskipulag í Flóahreppi.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 hefur sveitarstjórn Flóahrepps samþykkt eftirfarandi deiliskipulagsáætlun:

Deiliskipulag, Eystri-Loftsstaðir.

Um er að ræða nýtt deiliskipulag sem tekur til lóða Eystri-Loftsstaða 1 og 3. Í deiliskipulaginu er gert ráð fyrir tveimur lóðum og tveimur byggingarreitum á hvorri þeirra og á þeim verði m.a. heimilt að reisa íbúðarhús, aukahús, hesthús og geymslu/skemmu.

Samþykkt í sveitarstjórn 26. apríl 2023.

Ofangreind deiliskipulagsáætlun hefur hlotið þá meðferð sem skipulagslög mæla fyrir um og öðlast þegar gildi.

Laugarvatni, 20. september 2023.

Skipulagsfulltrúi Umhverfis- og tæknisviðs uppsveita bs.,

Vigfús Þór Hróbjartsson.

B-deild – Útgáfudagur: 4. október 2023